

Fundargerð

140. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Þriðjudaginn 29. júní 2010 kl. 12⁰⁰–14¹⁵.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG) yfirkaf fund 13:50
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar.
- (2) Rekstur: janúar – júní 2010
- (3) Endurskoðun rekstraráætlunar 2010 og 2011
- (4) Endurskoðun endurgjalds fyrir spilliefni
- (5) Smuolímál
- (6) Stefnumál
- (7) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (139. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

2. Rekstur janúar – júní 2010

ÓK lagði fram og fór yfir tekjur og gjöld fyrstu fimm mánuði árána 2009 og 2010

3. Endurskoðun rekstraráætlunar 2010 og 2011

ÓK lagði fram yfirlit yfir endurskoðun rekstraráætlunar 2010 og 2011, auk árána 2012 og 2013 (einnig lögð fram og rædd á síðasta fundi). ÓK lagði fram uppfærða greinargerð með rekstraráætluninni þar sem fram komu ýmsar forsendur sem miðað er við.

Lagðar fram upplýsingar um þróun úrvinnslugjalds [kr/kg] m.v. tollverðmæti [kr/kg] síðan 2003.

Stjórn staðfestir áætlunina og greinargerðina.

4. Endurskoðun endurgjalds fyrir spilliefni

Rætt var um framkomna ósk um hækkun á gjaldskrá. Lagt er fram minnisblað um endurskoðun greiðslu til þjónustuaðila fyrir ráðstöfun á spilliefnum

Lögð var fram mynd sem sýnir hvernig endurgjald til þjónustuaðila fyrir ráðstöfun á spilliefnum hefur þróast síðan 2003 samanborið við þróun vísitalna.

Stjórn felur framkvæmdastjóra endurskoðun á endurgjaldi til þjónustuaðila m.t.t. mismunandi stöðu flokka. Sérstaklega skal huga að kostnaði við meðhöndlun olúmálningar.

Stjórn óskar eftir að viðræður við Sorpu um hugsanlegt útboð á meðhöndlun spilliefna á starfsvæði Sorpu.

Framkvæmdastjóra falið að skrifa bréf til Sorpu um málið.

SÖG yfirgefur fund kl. 13:50.

5. Smurolíumál

ÓK fór yfir stöðu málsins.

ÓK fór yfir hugsanlegar aðgerðir til að draga úr kostnaði við söfnun smurolíuúrgangs innan núverandi samnings.

Stjórn samþykkir að setja á stað viðræður Úrvinnslusjóðs við olúfélögin um nýjan samning og tilkynna um það til Samkeppniseftirlitsins og umhverfisráðuneytisins.

6. Stefnumál

Haldið var áfram með yfirferð yfir mál sem ÖE lagði fram í formi minnispunkta

Stjórn samþykkir að halda séstakan fund um minnispunkta ÖE þann 7. september 2010.

7. Önnur mál

Lögð fram umsókn frá Helga Þór Kárasyni um að verða þjónustuaðili við söfnun á heyrúlluplasti. *Samþykkt.*

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 31. ágúst 2010. Fundi slitið kl. 14:15

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs